

Ályktun um nýja kennaramenntun - Kennaranám er málið

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 vekur athygli á nýju 5 ára kennaranámi. Í nýja náminu sem lýkur með meistaraþrófi fá kennarar betri menntun og möguleikar á ýmis konar sérhæfingu eru í boði. Námsleiðir eru fjölbreyttar og leiðir það til betri atvinnumöguleika, m.a. kennslu á mörkum skólastiga. Kennarastarfið er sérfræðingsstarf og kennarar hafa faglega forystu í skólamálum. Starfið er gefandi og krefst náinnar samvinnu við samstarfsfólk, nemendur og foreldra. Kennarar beita fjölbreyttum og skapandi kennsluaðferðum og njóta bæði sjálfstæðis og sveigjanleika í krefjandi starfi sem verður að teljast ómetanlegt á tímum örra samfélagsbreytinga. Ársfundurinn skorar á alla þá sem eru að leita sér að framtíðarstarfi að skoða þau tækifæri sem felast í nýrri 5 ára kennaramenntun. Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starf hvers samfélags.
